



4. FUNDUR Á MIÐÖNN 2019-20, MIÐVIKUDAGINN 22. JANÚAR KL. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf:

Nemandi sæki um prófflutning.

Nemandi sækir um undanþágu frá dönsku til stúdentsprófs.

Fimm nemendur sögðu sig frá námi.

2. Félagslíf NFFG

- Rætt var um fjármál NFFG og ljóst er að árshátíðin gæti orðið stór biti ef fjöldi seldra miða verða færri en áætlanir gera ráð fyrir. Stjórnin hvött til að halda að sér höndum varðandi útstreymi peninga.
- 1.02 verður Morfískeppni á Akureyri. Nemendur geta ekki skipulagt ferðir þangað á vegum NFFG nema að höfðu samráði við skólann.
- 7.02 keppa nemendur í Gettur betur í sjónvarpssal.
- Söngkeppni var haldin í samvinnu við MK. Hún gekk vel og var skemmtileg en mæting var heldur slök. Nemendur FG urðu í fyrsta sæti.
- Vökunótt gekk vel og nemendur til fyrirmyndar í alla staði.

3. Önnur mál

Önnur mál voru engin en rætt var um stöðu drengja í skólakerfinu og hvernig bæta mætti stöðu þeirra.

Fundinn sátu:

Auður Sigurðardóttir náms-og starfsráðgjafi

Dagný Hulda Broddadóttir náms-og starfsráðgjafi

Daníel Breki Johnsen forseti NFFG

Eygló Birna Schiöth Gunnarsdóttir fjármálastjóri NFFG

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Ingibjörg Ólafsdóttir fulltrúi kennara

Kristinn Þorsteinsson skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri og jafnframt fundarritari

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi

Ylfa Ösp Áskelsdóttir fulltrúi kennara